

# Átak til eflingar leikskólastigsins

– niðurstaða starfshóps á vegum Odda bs./fræðslunefndar 1.2.2016

---

Í hinni nýju og metnaðarfullu skólastefnu Rangárbings ytra og Ásahrepps – **Göngum glöð til verka** – birtist framtíðarsýn og vilji sveitarfélaganna hvað varðar allt starf og rekstur leikskólanna innan byggðasamlagsins Odda bs. Í fyrsta hluta skólastefnunnar er fjallað um hlutverk sveitarfélaganna. Þar koma fram þau meginmarkmið þeirra að skapa aðstæður í skólum sveitarfélaganna sem laða að hæfa og vel menntaða starfsmenn. Markmið skólastefnunnar er að allir starfsmenn hafi starfsréttindi. Þær leiðir sem nefndar eru til að ná þessu markmiði eru m.a. auglýsingar, kynningar og stuðningur við starfsmenn sem sækja sér nám til starfsréttinda. Til að vinna enn frekar með þennan þátt skólastefnunnar lagði fræðslunefnd Rangárbings ytra og Ásahrepps til, á fundi sínum þann 3.12 s.l., að skipuð yrði tímabundinn 5 manna starfshópur til að koma fram með tillögur að átaki til eflingar leikskólastigsins í sveitarfélögunum. Þessi tillaga gekk eftir og í starfshópinn voru skipuð Sigrún B. Benediksdóttir, Auður Erla Logadóttir, Nanna Jónsdóttir, Ágúst Sigurðsson og Hafdís Ásgeirsdóttir. Niðurstaða starfshópsins liggur hér fyrir og kemur fram í greinargerð þessari til fræðslunefndar og stjórnar Odda bs. dagsettri 1. febrúar 2016.

## Vinnufundir og greiningar.

Vinnuhópurinn hittist á 3 fundum þar sem á fyrstu 2 fundunum var unnið með SVÓT greiningu á leikskólum innan Odda bs. Margvíslegt fróðlegt kom í ljós við þá greiningu sem áhugavert er að vinna frekar með en þau atriði sem voru mest áberandi tengdust kjörum og starfsumhverfi starfsmanna. Starfshópurinn ákvað því að einbeita sér að þáttum sem snúa að leiðum til að bæta starfskjör og fjölga fagmenntuðum starfsmönnum.

## Fjölgun fagmenntaðra.

Samkvæmt lögum nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla skal að lágmarki 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla teljast til stöðugilda leikskólakennara. Því fer mjög fjarri að þessu lágmarki sé almennt náð á leikskólum landsins. Samkvæmt upplýsingum sem Samband Íslenskra Sveitarfélaga hefur tekið saman (<http://www.samband.is/media/skolaskyrsla2014/Fylgiskjal-3.-Stodugildi-starfsfolks-i-leikskolum-sveitarfelaga-arid-2013..pdf>) þá er einungis eitt sveitarfélag á landinu sem nær þessu hlutfalli árið 2013 en það er Hörgárbyggð með 71% starfsmanna með leikskólakennaramenntun. Að meðaltali eru 30% starfsmanna leikskóla sveitarfélaganna faglærðir leikskólakennarar. Til samanburðar þá er staðan allt önnur hjá grunnskólunum en þar er algengt að allir starfsmenn séu menntaðir grunnskólakennarar og í veflestum grunnskólum landsins, þ.m.t. grunnskólum innan Odda bs, eru a.m.k. 80% starfsmanna við kennslu grunnskólakennarar. (<http://www.samband.is/media/skolaskyrsla2014/Fylgiskjal-11.-Stodugildi-starfsfolks-vid-kennslu-i-grunnskola-arid-2013-e-menntun-og-sveitarfelogum.pdf>)

Ef skoðaðir eru leikskólar Odda bs. þá kemur í ljós að eins og staðan er núna þá eru fagmenntaðir leikskólakennarar 24% starfsmanna (7,2 stöðugildi) eða vel innan við meðaltalið á landsvísu og langt

innan við það sem lög kveða á um að sé viðmiðið. Þess ber þó að minnast að þannig er ástatt um nær alla leikskóla landsins. Heldur færri fagmenntaðir eru í Heklukoti eða 21% samanborið við 33% í Leikskólanum á Laugalandi. Það er nauðsynlegt að setja fram markmið um fjölgun fagmenntaðra á leikskólum Odda bs. Skynsamlegt hlýtur að vera að setja sér metnaðarfull en raunhæf markmið í þeim efnum með hliðsjón af almennri stöðu í leikskólum landsins. Til skemmri tíma mætti hugsa sér að setja markið á 40% og fjölga þannig hlutfallslega um 5 leikskólakennara en lengri tíma markmið ætti að sjálfsgöðu að vera að ná 66% markinu eins og lög nr. 87/2008 kveða á um. Tillaga er um að fyrra markmiðinu verði náð í árslok 2017 en hinu seinna í árslok 2020.

Í töflu 1. er safnað saman ofangreindum upplýsingum fyrir leikskóla Odda bs. og listað upp hvaða breytingar og fjármuni þurfi til að ná mismunandi markmiðum varðandi hlutfall faglærðra starfsmanna. Kostnaðartölur eru fundnar út frá rauntölum við launagreiðslur til starfsmanna hjá Odda bs. í janúar 2016.

**Tafla 1. Athugun á mun í launakostnaði leikskóla Odda bs miðað við mismunandi hlutfallslega fjölgun faglærðra starfsmanna**

	Heklukot				Laugland				Alls			
#Stöðugildi alls:	22,0	22,0	22,0	22,0	7,5	7,5	7,5	7,5	29,5	29,5	29,5	29,5
Faglærðir staða nú:	21%	21%	21%	21%	33%	33%	33%	33%	24%	24%	24%	24%
Faglærðir takmark:	30%	40%	50%	60%	33%	40%	50%	60%	30%	40%	50%	60%
	6,6	8,8	11,0	13,2	2,5	3,0	3,8	4,5	9,1	11,8	14,8	17,7
aukning:	1,9	4,1	6,3	8,5	0,0	0,5	1,3	2,0	1,9	4,6	7,6	10,5
kostnaður mán	301.441	649.687	997.933	1.346.178	0	89.479	219.745	350.010	301.441	739.166	1.217.677	1.696.188
<b>kostnaður ár</b>	<b>3.617.292</b>	<b>7.796.241</b>	<b>11.975.191</b>	<b>16.154.141</b>	<b>0</b>	<b>1.073.750</b>	<b>2.636.935</b>	<b>4.200.120</b>	<b>3.617.292</b>	<b>8.869.991</b>	<b>14.612.126</b>	<b>20.354.261</b>

\*Leikskólastjórum og ræstingafólki sleppt í þessum útreikningum

Samkvæmt niðurstöðum þeim sem birtar eru í töflu 1. þá er kostnaður á núvirði við að hækka hlutfall leikskólakennara í 40% rétt tæplega 9 m. á ári og eigi að ná 60% markinu þá er kostnaðurinn rúmlega 20 m á ári hverju. Þess ber að geta að í þessari samantekt í töflu 1. þá eru deildarstjórar taldir með enda eru þeir uppistaðan í flokki hinna fagmenntuðu starfsmanna okkar. Kostnaðaraukning ætti því að vera frekar ríflega áætlaðuð þar sem deildarstjórar eru nokkru hærra launaðir en almennir leikskólakennarar.

## Bætt kjör

Sá þáttur sem talinn er vega hvað þyngst til að laða að öflugt starfsfólk eru starfskjörin. Laun leikskólakennara fylgja nýjum samningi milli Félags leikskólakennara og Sambands Íslenskra Sveitarfélaga (gildir 1. júní 2015-31. mars 2019). Samkvæmt þeim samningi eru grunnlaun leikskólakennara (leyfisbréf sbr. lög nr. 87/2008) nú rétt um 400 þúsund kr. á mánuði, og leikskólastarfmanns með bakkalár gráðu í leikskólafræðum (B.Ed) um 350 þúsund á mánuði. Laun leikskólakennara voru lengi vel lægri en grunnskólakennara en skv. núgildandi samningi Félags grunnskólakennara og Sambands Íslenskra Sveitarfélaga má sjá að laun grunnskólakennara (þrep 3) og leiðbeinenda (leiðbeinandi 2) eru algjörlega sambærileg við fyrrgreinda leikskólastarfsmenn. Yfirborgun með því að bæta við launaflokkum eða yfirvinnutímum á skjön við gildandi samninga er varla ráðleg né forsvaranleg leið til að bæta kjör leikskólakennara okkar. Vinnuhópurinn telur hins vegar að mögulegt sé að bæta starfskjör verulega með því að fjölga undirbúningstímum sem nú eru 4 tímar á viku fyrir leikskólakennara og 5 tímar á viku fyrir deildarstjóra. Með slíkri ívilnun mætti létta verulega álagi af okkar fagmenntaða fólki og skapa starfsmönnum annan og betri grunn til að skipuleggja og sinna hinu faglega uppeldis- og fræðslustarfi. Kostnaður við slíka ráðstöfun er auðvitað einhver því gera þarf ráð fyrir fleira starfsfólki í slíku kerfi. Í töflu 2. er sýnt hver

kostnaðaraukinn gæti verið miðað við sömu forsendur og settar voru fram í töflu 1. þ.e. við mismunandi hlutfall fagmenntaðra starfsmanna innan Odda bs.

**Tafla 2. Fjölgun stöðugilda ófaglærðra leikskólustarfsmanna miðað við að auka undirbúningstíma leikskólakennara um 5 tíma á viku frá því sem nú er.**

Faglærðir	24%	30%	40%	50%	60%
stöðugilda-auki	0,90	1,14	1,48	1,84	2,21
kostnaðarauki	3.780.000	4.771.830	6.197.058	7.746.323	9.295.587

Samkvæmt töflu 1. þyrfti því að bæta við núverandi starfsmannahóp u.þ.b. einum starfsmanni til að leysa af í hinum aukna undirbúningstíma ef miðað er við 5 tíma aukalega á viku á hvern leikskólakennara. Ef markið er sett á að hækka hlutfall leikskólakennara í 40%, eins og áður er getið, þá þarf að bæta við 1,5 stöðugildi og ef ná ætti 66% markinu þá þarf að bæta við allt að 2,5 stöðugildum.

## Hvatning til náms

Nokkur sveitarfélög hafa farið þá leið að hvetja fólk til mennta í leikskólafræðum með launuðum námsleyfum og námsstyrkjum. Hjá aðildarsveitarfélögum Odda bs. hafa um nokkurt skeið verið í gildi reglur um launuð námsleyfi og nokkrir starfsmenn hafa nýtt sér þetta. Að mati starfshópsins þarf sterkari hvatningu og er það tillaga starfshópsins að auk launaðra námsleyfa þá verði boðnir fram möguleikar á hreinum námsstyrkjum. Slíkir styrkir væru mögulegir í ákveðinn fjölda námsanna, gegn ákveðinni námsframvindu, og ættu við um nám til bakkalár- sem meistaragráðu en gætu einnig fallið að lokaverkefnum sem tengjast leikskólum Odda bs. Tillaga að útvíkkun núverandi reglna er eftirfarandi:

### **\*REGLUR UM STYRKI TIL NEMA Í LEIKSKÓLAKENNARAFRÆÐUM Á STARFSSVÆÐI ODDA BS.**

#### ***1. gr. Gildissvið***

Reglur þessar eru settar á grunni Skólastefnu Rangárbings ytra og Ásahrepps 2016 – *Göngum glöð til verka* – og gilda um nema sem leggja stund á háskólanám í leikskólakennarafræðum og annað hvort vinna í leikskólum Odda bs. eða hafa áform um að gera það.

#### ***2. gr. Markmið***

Markmið með reglum þessum er að hækka menntunarstig starfsmanna í leikskólum Odda bs. og er liður í því að fjölga fagmenntuðu starfsfólki þeirra þannig að í árslok 2017 verði a.m.k. 2 af hverjum 5 starfsmönnum menntaðir leikskólakennarar og 2 af hverjum 3 starfsmönnum árið 2020 líkt og kveðið er á um í lögum nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla í lögum um starfsmenn leikskóla.

#### ***3. gr. Styrkhæft nám***

Reglur þessar gilda um styrk til eftirfarandi náms:

- Diplómanám í leikskólafræðum í háskóla; 120 einingar.
- Leikskólakennaranám B.Ed. 180 einingar.
- Leikskólakennarafræði, M.Ed. 120 einingar (veitir rétt til leyfisbréfs)
- Framhaldsnám til M.Ed. fyrir starfandi leikskólakennara 120 einingar
- Annað viðurkennt nám í leikskólakennarafræðum

Nemendur sem jafnframt eru starfsmenn leikskóla Odda bs eru styrktir til fjarnáms. Nemendur sem ekki eru nú þegar starfsmenn leikskóla Odda bs. eru styrktir til staðarnáms eða fjarnáms.

#### **4. gr. Styrkþegar og umsóknir**

Umsækjandi skal eiga lögheimili á starfssvæði Odda bs. eða vera starfsmaður í leikskólum Odda bs. í a.m.k. 50% starfshlutfalli þegar sótt er um styrk. Umsókn um styrk skal berast leikskólastjóra/Odda bs mánuði fyrir upphaf haust- eða vorannar á þar til gerðu umsóknarblaði sem finna má á heimasíðu Odda bs. og hjá leikskólastjórum. Í umsókn skulu koma fram nákvæmar upplýsingar um fyrirhugað nám, námstíma og starfsferil umsækjanda. Ber umsækjanda að skila staðfestingu um skólavist með umsókninni eða strax og staðfesting liggur fyrir. Sé umsókn staðfest gerir leikskólastjóri sérstakan skriflegan samning við viðkomandi, sem gildir í eitt ár í senn.

#### **5. gr. Styrkir**

5.1 Fyrir starfsmenn leikskóla Odda bs er um að ræða launað námsleyfi í staðarlotum/verknámi, allt að 3 vikur á önn (6 vikur á skólaári), á prófdögum og í áföngum með mætingarskyldu. Starfsmanni er veitt leyfi frá störfum og greidd dagvinnulaun miðað við starfshlutfall í fyrrgreindum tilfellum. Starfsmenn í námi hafa aðgang að vinnuherbergi í leikskólunum með aðgangi að tölvum, prentara og ljósritunarvél eftir að vinnudegi lýkur og um helgar.

5.2 Fyrir alla nema sem falla undir skilgreiningu skv. 4. gr. er um að ræða eingreiðslur í lok annar hafi nemi staðist áætlaða námsáætlun. Allir nemar hafa frían aðgang að námsveri, með nettengingu.

5.3 Fyrir sérlega áhugaverð lokaverkefni í bakkalár- eða meistaranámi leikskólakennara sem að mati stjórnar Odda bs./leikskólastjóra hafa verulega þýðingu fyrir leikskólasterfið.

#### **6. gr. Fjárhæð eingreiðslna**

Eingreiðsla til nema sem jafnframt er starfsmaður leikskóla Odda bs nemur að hámarki kr. 70.000 hvert sinn (m.v. 30 staðnar ECTS einingar)

Eingreiðsla til nema sem starfar ekki á námstíma í leikskólum Odda bs. nemur kr. 35.000 hvert sinn (m.v. 30 staðnar ECTS einingar).

Eingreiðsla fyrir lokna áfanga skal greidd hlutfallslega ef nemi lýkur færri einingum þó aldrei færri en 15 ECTS einingum.

Verkefnastyrkur til nema sem uppfylla skilyrði sem styrkþegar skv. 4 gr. nemur að hámarki kr. 150.000. Heimilt er að skipta greiðslu eftir fyrirfram ákveðinni áfangaskiptingu.

#### **7. gr. Styrktími**

Námsstuðnings nýtur við þann tíma sem telst eðlileg námsframvinda sbr. áætlaða námsáætlun. Tefjist nám vegna sérstakra aðstæðna er heimilt að framlengja stuðninginn. Upplýsingum um námsframvindu skal komið til leikskólastjóra/Odda bs. í lok hverrar annar.

#### **8. gr. Skyldur styrkþega**

Styrkþegi skuldbindur sig til að starfa við leikskóla Odda bs. í a.m.k. tvö ár eftir að námi lýkur.

Starfshlutfall þarf að vera að minnsta kosti 75%. Hætti starfsmaður störfum við leikskólann innan áður nefnds tíma eða ljúki hann ekki námi, hefur Oddi bs. heimild til þess að krefjast endurgreiðslu á veittum styrk frá síðasta skólaári nemans.

#### **9. gr. Takmarkanir**

Fjöldi nema sem nýtur stuðnings til náms í leikskólakennarafræðum ræðst af þörf leikskóla Odda bs. fyrir faglært starfsfólk á hverjum tíma. Leikskólastjóri og stjórn Odda bs. áskilja sér rétt til að hafna umsóknum. Leikskólastjóri getur hafnað styrkumsókn, hátti þannig til að starfsemi leikskólans beri ekki forföll vegna náms starfsmanna. Njóti nemi styrkja frá öðru sveitarfélagi vegna sama náms á hann ekki rétt á styrk samkvæmt reglum þessum.

#### **10. gr. Álitamál**

Verði verulegar breytingar á fyrirkomulagi fjarnáms eða á persónulegum högum nema getur framkvæmdastjóri Odda bs. leyft frávik frá reglum þessum. Stjórn Odda bs. úrskurðar í álitamálum sem upp kunna að koma við framkvæmd þessara reglna.

#### **11. gr. Gildistími**

Reglur þessar gilda til 1. júní 2021 og öðlast gildi við samþykkt þeirra í stjórn Odda bs.

\*Reglur þessar eru samdar með hliðsjón af reglum af svipuðum toga í öðrum sveitarfélögum, einkum Rangárþingi eystra og Ölfusi, og eru endurskoðun og viðbætur á eldri reglum hjá Rangárþingi ytra og Ásahreppi.

## SVÓT- greining

Hér á eftir fara helstu punktar úr SVÓT- greiningu sem unnin var á fundum starfshópsins í janúar 2016. Ekki var farið út í nákvæma greiningu á vægi atriði eða slíkt heldur eru þau atriði sem komu fram og vinnuhópurinn taldi skipta máli rituð inn í töfluna í sömu röð og þau komu upp í umræðunni. Margt af þessu gæti verið áhugavert að vinna frekar með í samhengi við hina nýju skólastefnu sveitarfélaganna en vinna starfshópsins einskorðaðist að þessu sinni við leiðir til að fjölga fagmenntuðum og bæta almennt kjör og starfsskilyrði starfsmanna.

### Viðfangsefnið er leikskólar innan Odda bs.

Styrkleikar	Veikleikar	Ógnanir	Tækifæri
Umgjörðin er góð	Vantar fagfólk	Skortur á starfsfólki	Öflugt samstarf
Gott starfsfólk	Lág laun	Ásókn í nám	Fjölgun barna
Tveir leikskólar	Íbúðir-leigu	Árangur versnar	Skapa sérstöðu
Aðstaða	Mikil starfsmannavelta	Starfsánægja dvín	Hækka menntunarstig
Jákvætt samfélag	Mikið álag	Óhöpp	Samstarf skóla og sv.fél
Öflugt foreldrafélag	Plássleysi	Of mikið álag	Oddi bs
Samstíga yfirstjórn	Vantar kk starfsmenn	Neikvætt viðhorf	Fjölpjóstlegt samfélag
Mötuneyti	Móttaka nýbúa	Vanþekking á starfi	Auka faglegt starf
Art	Tungumál kunnátta	Skortur á fjármagni	Eftirsótt samfélag
Skólastefna		Langt nám	Skólaþjónustan
Grænfáninn		Kjör	Jákv. fréttáflutningur
		Félagslegur þungi	Samv.HSU - þroskapróf
		Veikindi starfsmanna	
		Neikv. fréttáflutningur	